



Alþingi
Erindi nr. P 140/2379
komudagur 11.5.2012

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 10. maí 2012
Tilv.: 1205006

Umsögn Háskólans á Akureyri – HA um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 með síðari breytingum (réttur og ábyrgð nemenda og efnisgjöld).

Umsögnina gerði Guðmundur Heiðar Frímansson prófessor, kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs HA.

Staða nemenda:

1. Í 1. gr. frumvarpsins er skólinn skilgreindur sem vinnustaður nemenda. Mikilvægasta ákvæðið í þessum hluta er eru eftirfarandi setningar: „Nemendur eiga rétt á því að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólstarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.“ Þessi tillaga um 33. grein laga um framhaldsskóla er mikilvæg. Það er nokkuð ljóst að markmiðið með þessum breytingum er að leitast við að taka meira tillit til hagsmuna og sjónarmiða nemenda en nú er. Viðleitnin kemur fram í því að skólinn er skilgreindur sem vinnustaður nemendanna og hugsa eigi um umhverfið í skólanum þannig að nemendum líði vel, þeir finni til öryggis og geti notið hæfileika sinna eftir því sem mögulegt er. Í athugasemdum við þessar grein er bent á að allir aðilar skólans hafi skyldum að gegna við að stuðla að góðum skólabrag og staðblæ.

Síðan er áhrifasvið nemenda vikkað út í þeim setningum sem vitnað var til hér að ofan. Það er margt sem bendir til þess að það reynist erfiðara að breyta sambandi nemenda og kennara þegar kemur að hlutum á borð við námstilhögun og fyrirkomulag skólstarfs heldur en þegar rætt er um umhverfi í skólanum. Ástæðan er rótgrónar og sjálfgefna hugmyndir um stöðu og hlutverk kennara annars vegar og nemenda hins vegar. Yfirleitt er litið svo á að nemendur hafi ekki vit til hafa skynsamleg og heillavænleg áhrif á námstilhögun eða fyrirkomulag skólstarfs. Það kann að vera eitthvað til í þeim hugmyndum en það er samt ástæða til að gefa nemendum færi á að hafa áhrif á þessa þætti. Það er engin ástæða til annars en að ætla að nemendur leitist við að hafa bætandi áhrif á námstilhögun og fyrirkomulag skólstarf.

Það er ástæða til að benda á að réttur nemenda til að hafa áhrif á þessum sviðum takmarkast af síðustu setningu 1. gr. frumvarpsins en þar segir að taka skuli tillit til sjónarmiða nemenda eins og unnt er. Það verður lykilatriði í útfærslu þessara breytinga á lögum hver það verður sem ákveður hvaða tillit skuli taka til sjónarmiða nemenda. Verður það kennari í hverri grein, umsjónarkennari, deildarstjóri eða skólameistari. Ætlar mennta- og menningarmálaráðuneytið að hafa eitthvað um það að segja hvernig þessi setning verður túlkuð með setningu reglugerðar sem skýrir og útfærir þessa setningu laganna?



Það mætti styrkja stöðu nemenda frekar með því að bæta eftirfarandi setningu inn á milli þeirra tveggja sem vitnað var til hér að ofan: „Skólayfirvöldum er skylt að tryggja nemendum aðgang að ákvörðunum um námsumhverfi, námstilhögun og fyrirkomulag skólstarfs.“ Rökin fyrir því að bæta þessari setningu inn eru þau að túlka má setninguna um rétt nemenda þannig að þeir geti sett fram sín sjónarmið en þeim verði hins vegar ekki tryggður aðgangur að vettvangi þar sem slíkar ákvarðanir eru teknar.

2. Í 2. gr. a. er skýrt kveðið á um að nemendum beri að hlýða skólareglum, kennurum, starfsmönnum skóla og yfirvöldum skóla um allt það er varðar skólann. Af greininni er ljóst að yfirvöld skóla hafa skýra skyldu til að halda uppi góðum skólabrag og rétt eins og nemendur en reynist þeir ekki færir um að taka eðlilegan þátt í skólstarfi og stuðla að góðum skólabrag þá hafa yfirvöld skóla tiltekin tæki til að taka á slíkum vandkvæðum, sum eru væg en önnur strangari og er þá vísað til þess að skólameistari getur vísað nemanda úr skóla. Fjallað er um rétt og stöðu nemanda sem yngri eru en 18 ára en minna um rétt og stöðu þeirra sem eru 18 ára eða eldri þegar kemur að hinum strangari úrræðum. Um yngri hópinn gilda sömu eða sambærilegar reglur og um nemendur grunnskóla en um þann eldri eru það fyrst og fremst ákvæði stjórnarsýslulaga.

Það verður að skilja þessa grein í ljósi þeirrar sem fer á undan. Þótt skylda nemenda sé skýr um að þeim ber að fylgja skólareglum og eðlilegum fyrirmælum þá eiga þeir rétt á því að tekið sé eðlilegt tillit til hagsmuna þeirra og sjónarmiða. Skólayfirvöld hafa því ekki óskoraðan rétt til að skipa málum eins og þeim einum sýnist heldur verða þau að taka tillit til hagsmuna, vilja og viðhorfa nemenda. Það þyrfti að áréttu þennan skilning í skýringum frumvarpsins.

3. Í 2. gr. b er fjallað um skyldur allra aðila skólasamfélagsins og skyldu hvers skóla um að setja sér skólareglur sem birtar eru í skólanámskrá. Það er skýrt tekið fram að hver skóli skuli móta sér stefnu um hvernig fyrirbyggja skuli ofbeldi, líkamlegt, andlegt og félagslegt. Sömuleiðis hvernig brugðist skuli við ofbeldi. Vísað er til fagráðs ráðuneytisins um eineltismál.

Það er til fyrirmyndar að kveða skýrt á um skyldu hvers skóla í þessum efnum. Í athugasemdum við þennan lið segir að markmiðið sé að fyrirbyggja allt ofbeldi og sérstaklega er kveðið á um að markvissar verði tekið á eineltismálum með því að útfæra hlutverk fagráðs ráðuneytisins til að taka á erfiðustu málunum í reglugerð. Sagt er að „við gerð reglugerðarinnar verði hagsmunir nemenda hafðir að leiðarljósi.“

- 4.

Það er ástæða til að benda á að í eineltismálum, og ofbeldismálum yfirleitt, eru gerendur og þolendur, ofbeldismenn og fórnarlömb. Það segir ekkert um það í þessu frumvarpi hagsmunir hverra verði hafðir að leiðarljósi rekist hagsmunir ofbeldismanna og fórnarlamba á. Algengast er nefnilega að bæði gerendurnir og þolendurnir eru nemendur. Sú dapurlega þróun í íslenskum grunn- og framhaldsskólum hefur fengið að eiga sér stað átölulaust að hagsmunir fórnarlambanna hafa vikið fyrir hagsmunum ofbeldismannanna. Í hverju málinu á fætur öðru hafa skólayfirvöld ekki treyst sér til að taka á málum þegar nemendur hafa orðið uppvísir að einelti eða öðru sambærilegu ofbeldi. Fórnarlömbin treysta sér ekki af skiljanlegum ástæðum til



5. að umgangast daglega ofbeldismennina enda aldrei að vita nema þeir grípi til nýrra ofbeldisverka einmitt vegna þess að upp um þá hefur komist. Það er óviðunandi fyrir réttlætiskennnd almennings að þurfa að horfa upp á vernd ofbeldismanna í opinberum íslenskum grunn- og framhaldsskólum á kostnað fórnarlambanna.

Ofbeldismennirnir eiga líka hagsmuni sem taka verður tillit til, sérstaklega ef þeir eru undir 18 ára aldri. Þeirra hagsmunir felast í sömu möguleikum og aðrir að fá að þroskast eðlilega og menntast en þeir verða líka að horfast í augu við að þeir þurfa betrun sem hefur það að markmiði að þeir endurtaki ekki leikinn. Það er eðlileg krafa til þeirra að þeir verði að beygja sig undir það að þeirra hagsmunir víki fyrir hagsmunum fórnarlambinsins sem getur falist í að þeir flytjist í nýjan skóla. En það er ekki nóg, það verður að vera til áætlun sem gengur út á að ofbeldismaðurinn skilji þau rangindi sem hann hefur beitt aðra manneskju og tileinki sér það hugarfar að leitast við að forðast slík rangindi í framtíðinni.

Það er eindregin tillaga þessarar umsagnar að í þetta frumvarp verði sett ákvæði þess efnis að hagsmunir fórnarlamba gangi framur hagsmunum ofbeldismanna. Í reglugerð verði það ákvæði síðan skýrt frekar.

6. Síðasta atriðið sem hér er nefnt er að heimild til þess að nemendur greiði efnisgjald í þeim framhaldsskólum sem það á við er framlengd til ársins 2014. Það þarf ekki að skýra hvaða ástæður liggja að baki þessu ákvæði. En það væri til bóta ef sagt væri skýrt að stefnt skuli að því að ríkið standi straum af þessu gjaldi frá og með árinu 2014.

Virðingarfyllst,

Stefán B. Sigurðsson, rektor.